

Fundargerð 767. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2009, fimmtudaginn 24. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar að Borgartúni 30, Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Lúðvík Geirsson, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Smári Geirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson.

Auk þeirra sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 766. fundar - 0812686SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 766. stjórnarfundar frá 28. ágúst 2009.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Samskipti ríkis og sveitarfélaga - 0409009SA

Lagðar fram fundargerðir Jónsmessunefndar frá 8. og 16. september 2009.

Þá var fjallað um dagskrá samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga, sem haldinn verður 29. september nk. og lögð fram drög, dags. 9. september 2009, að yfirlýsingu um vinnu við mótun tillagna um leiðir til frekari sameiningar sveitarfélaga sem lögð verður fyrir samráðsfundinn.

Jafnframt vorukynntar niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2008 sem fram koma í 5. tbl. 1. árgangs Fréttabréfs hag- og upplýsingasviðs sambandsins auk svara frá sambandinu til CEMR, frá 18. september 2009, vegna fyrirspurnar um efnahagsvandann hér á landi m.t.t. sveitarfélaga.

Hanna Birna Kristjánsdóttir kom til fundar kl. 12:35.

Dagur B. Eggertsson kom til fundar kl. 12:40.

Þorleifur Gunnlaugsson kom til fundar kl. 13:00.

Formanni var veitt heimild til að undirrita yfirlýsingu um vinnu við mótun tillagna um leiðir til frekari sameiningar sveitarfélaga með þeirri breytingu að í 4. lið niðurlags yfirlýsingarinnar, þar sem kveðið er á um að niðurstöður sameiningarnefndar verði lagðar fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010, verði bætt inn „eða aukalandsþing“ á eftir orðunum „verði lagðar fyrir landsþing“.

3. Aðkoma sambandsins að aðildarviðræðum við ESB - 0909003SA

Lagt fram minnisblað vegna aðildarviðræðna við ESB, dags. 16. september 2009, og hugsanlega aðkomu fulltrúa sambandsins að þeim.

Sviðsstjórar þróunar- og alþjóðasviðs og lögfræðisviðs gerðu nánari grein fyrir málinu og skýrðu frá fundum sem þeir hafa setið með fulltrúum stækkunarskrifstofu ESB undanfarna daga.

4. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga - 0611368SA

Lögð fram fundargerð verkefnisstjórnar um flutning á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga frá 4. september 2009.

5. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 45. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 8. september 2009.

Að tillögu skólamálanefndar fól stjórnin formanni og framkvæmdastjóra að taka upp að nýju beiðni til menntamálaráðherra um tímabundna heimild til að víkja frá 28. gr. grunnskólalaga um vikulegan kennslutíma og fjölda skóladaga, þar sem nú sé svo komið að nýta verði næstu skref í hagræðingaraðgerðum sveitarfélaga sem flest hafa nýtt aðra möguleika í hagræðingu í skólastarfi.

6. Endurskoðun nefndar- og stjórnarlauna á vegum ríkisins - 0906008SA

Lagt fram erindi frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, dags. 11. september 2009, um endurskoðun nefndar- og stjórnarlauna á vegum ríkisins, ásamt svarbréfi sambandsins, dags. 21. september 2009.

7. Alþjóðleg athafnavika - 0909020SA

Lagt fram erindi frá Þórhildi Birgisdóttur, dags. 20. september 2009, f.h. aðila sem hyggjast standa fyrir alþjóðlegri athafnaviku 16.–22. nóvember nk., ásamt kynningargögnum um málið.

Samþykkt var að leggja málinu lið með því að dreifa kynningarefni til sveitarfélaganna.

8. Tilnefning í skólaráð Brunamálaskólans - 0909011SA

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 3. september 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa sambandsins og annars til vara í skólaráð Brunamálaskólans.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Herdísí Sigurjónsdóttur, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ, eða Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnessýslu, í skólaráð Brunamálaskólans. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalman verði varamaður hins.

9. Erindi frá Akraneskaupstað um endurfjármögnun lána - 0907014SA

Lagt fram erindi frá Akraneskaupstað, dags. 28. ágúst 2009, þar sem því er beint til sambandsins, að taka upp viðræður við ríkisvaldið um samræmdar aðgerðir vegna slæmrar fjárhagsstöðu fjölmargra sveitarfélaga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þakkar bréf Akraneskaupstaðar, en upplýsir jafnframt að sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga ohf. hafa staðið í bréfaskiptum og viðræðum við ríkisstjórnina og fjármálaráðuneytið um aðgerðir til þess léttu á þeim fjárhagsvanda, sem mörg sveitarfélög standa frammi fyrir nú um stundir. Erindi Akraneskaupstaðar er gott innlegg í það verkefni.

10. Umsögn vegna athugunar á áhrifum skipulagsmála og lóðarúthlutunar sveitarfélaga á samkeppni - 0908020SA

Lögð fram umsögn sambandsins, dags. 14. ágúst 2009, vegna athugunar Samkeppniseftirlitsins á áhrifum skipulagsmála og lóðarúthlutunar sveitarfélaga á samkeppni.

Sviðsstjóri lögfræðisviðs gerði nánari grein fyrir málinu og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

11. Minnisblað um endurskoðun laga um Innheimtustofnun - 0902059SA

Lagt fram minnisblað um endurskoðun laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, dags. 22. september 2009.

12. Uppskipting Bjargráðasjóðs - 0603138SA

Lögð fram drög að samningi, dags. 1. september 2009, um uppgjör Bjargráðasjóðs, sbr. bráðabirgðaákvæði I við lög nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð. Einnig voru lögð fram drög að afsali vegna kaupa Sambands íslenskra sveitarfélaga á 15% eignahlut Bjargráðasjóðs í 5. hæð húseignarinnar að Borgartúni 30, Reykjavík.

Stjórnin staðfesti framlögð gögn og veitti framkvæmdastjóra heimild til að undirrita skjöl vegna uppgjörs Bjargráðasjóðs og jafnframt að undirrita afsal til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna 15% eignarhlutar Bjargráðasjóðs í 5. hæð húseignarinnar að Borgartúni 30 í Reykjavík, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð.

13. Samstarfsyfirlýsing um innleiðingu Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í starfsemi sveitarfélaga – 0801023SA

Lögð fram til kynningar samstarfsyfirlýsing, dags. 11. september 2009, undirrituð af formanni sambandsins og framkvæmdastýru Jafnréttisstofu um innleiðingu Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í starfsemi sveitarfélaga.

14. Ályktanir frá ársþingi SSNV - 0908024SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá ársþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem haldið var í Miðgarði í Skagafirði 21. og 22. ágúst 2009.

15. Ályktanir frá fjórðungsþingi Vestfirðingar - 0907015SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 4. og 5. september 2009.

16. Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar - 0908021SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins við frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar, dags. 14. september 2009.

17. Minnisblað og þýðing á finnskum svæðaþróunarlögum - 0908036SA

Lagðir fram til kynningar minnispunktir frá sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs, dags. 25. ágúst 2009, með yfirliti um finnsk svæðaþróunarlög, auk íslenskrar þýðingar á lögnum, dags. 28. ágúst 2009.

Næsti fundur er boðaður með formönnum og framkvæmdastjórum landshluta-samtaka sveitarfélaga föstudaginn 2. október kl. 13:30 á Hilton Hótel Nordica.

Fundi var slitið kl. 14:55.

Halldór Halldórsson

Þorleifur Gunnlaugsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Dagur B. Eggertsson

Lúðvík Geirsson

Gunnar Einarsson

Elín R. Línadal

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Smári Geirsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

framkvæmdastjóri

ritari